



Bjarni H. Ásbjörnsson
Hraunbrún
804 SELFOSSI
bjarni@kilhraun.is

Varðar umsókn um nýjan héraðsveg að Kílhrauni í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

22. janúar sl. barst Vegagerðinni umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Kílhrauni í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem dags. er 16.9.2020, í umsókninni kemur fram að sótt er um á grundvelli þess að skilyrði laganna um býli, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna um fasta búsetu og lögheimili sé uppfyllt.

Starfsmaður Vegagerðarinnar fór á vettvang dags. 4.2.2021 og kynnti sér staðhætti, mynd 1.

Öll nauðsynleg gögn borist sem sýna fram á að skilyrði Vegagerðarinnar eru uppfyllt og ber að líta til skilgreiningar héraðsvega skv. 8. gr. vegalaga nr. 80/2007 þar kemur m.a. að:



Mynd 1, séð heim að Kílhrauni (EFJ)

„Héraðsvegir eru vegir sem liggja að býlum, starfrækslu atvinnufyrirtækja, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis, eru ákveðnir í staðfestu skipulagi og taldir upp í vegaskrá. Landeigandi skal þó kosta og vera veghaldari síðustu 50 m að framangreindum stöðum ef vegur endar þar.“

Niðurstaða: Umsókn um nýjan héraðsveg að Kílhrauni í Skeiða- og Gnúpverjahreppi hefur verið samþykkt og verður vegur færður inn á vegaskrá sem nýr héraðsvegur.

Rétt er að taka fram að ákvörðun þessi er kæránleg til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs, sbr. VII. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Afrit sent á sveitarfélagið; skeidgnup@skeidgnup.is

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Svanur G. Bjarnason
Svæðisstjóri
Suðursvæði Vegagerðarinnar

Síða 1/1

Vegagerðin
Borgartún 5–7
105 Reykjavík
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin@vegagerdin.is

Þetta skjal hefur verið samþykkt rafrænt og hefur því enga undirskrift